



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð 130. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands

Mánudaginn 23. maí 2016 kl. 15:00 í húsakynnum Samorku

Mætt: Kristín Vala Matthíasdóttir formaður (KVM), Hildigunnur Thorsteinsson (HT), Magnús Þór Jónsson (MPJ), Steinunn Hauksdóttir (SH), Sigurður Markússon (SM), Sigurjón Norberg Kjærnested (SNK) og Claus Ballzus (CB)

Boðuð forföll:

Gestir fundar:

KVM setti fund 15:00.

Dagskrárbreytingartillaga var gerð um að fyrsta mál á dagskrá væri fundargerð síðasta fundar og annað mál verkaskipting stjórnar. Tillagan var einróma samþykkt.

1. Fundargerð síðasta fundar

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar, sem var einróma samþykkt.

2. Verkaskipting stjórnar

Stjórnin ákvað einróma að skipta með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Hildurgunnur Thorsteinsson - Varaformaður

Claus Ballzus - Gjaldkeri

Sigurjón Kjærnested - Ritari

Magnús Þór Jónsson - Meðstjórnandi

Steinunn Hauksdóttir - Meðstjórnandi

Sigurður Markússon - Meðstjórnandi

3. Nýjir aðildarfélagar

Eftirfarandi nýjir aðildarfélagar voru einróma samþykktir inn í félagið:

- Arnar Freyr Sigmundsson
- Axel Viðarsson
- Lárus Elíasson
- Páll Valdimarsson
- Sigríður Kristjánsdóttir
- Sigurður Steinþórsson

Hér fór fram umræða í stjórninni um aðildargjöld nemenda og aðild félaga sem ekki hafa greitt gjöld.

Stjórnin tók eftirfarandi ákvarðanir:

- Nemendur fá að vera aðildarfélagar í 2 ár án þess að greiða gjöld, eftir það greiða þau full aðildargjöld
- Ef aðildarfélagi hefur ekki greitt gjöld í 2 ár, er hann ekki lengur aðildarfélagi og dettur út af listum félagsins.

4. Heiðursfélagar

Umræða fór fram um heiðursfélaga JHFÍ, í framhaldi af athugasemdum sem stjórn félagsins hefur borist um að kynjahlutföll heiðursfélaga séu óásættanleg. Stjórnin fór yfir málið og mun fyrir næsta aðalfund kynna stefnu er varðar heiðursfélaga.

5. Styrkur JHFÍ

Umræða fór fram um styrk JHFÍ. Ákveðið var að frestur til að sækja um styrkinn væri til 12. september 2016, og að SNK/KVM myndu sjá um að útbúa og senda út auglýsingu fyrir styrkinn. Málið verður áfram rætt á næsta stjórnarfundum.

6. Haustfundur

Umræða fór fram um komandi haustfund JHFÍ. Ákveðið var að halda fundinn fimmtudaginn 6. október 2016. Þema fundarins, staðsetning og fleira verður rætt og ákveðið á næsta stjórnarfundum.

7. Aðildargjöld og aðkoma banka

Umræða fór fram um aðildargjöld JHFÍ og mögulega aðkomu banka að innheimtu. Ákveðið var að gjaldkeri félagsins myndi áfram sjá um innheimtuna, án aðkomu banka.

8. IGA kosningar

Umræða fór fram um komandi stjórnarkjör IGA.

9. Önnur mál

Umræða fór fram um JHFÍ og félagsmiðla.

Fundi var slitið 16:10. Næsti stjórnarfundur verður haldinn 20. júní í húsakynnum Samorku.

Sigurjón Norberg Kjærnested, ritaði fundargerð

